



pepsi
deildin



KEFLAVÍK - FYLKIR



MÁNUDAGINN 25. MAÍ
NETTÓVÖLLURINN
KL. 19:15

5. UMFERÐ PEPSIDEILD KARLA



Coca-Cola

nettó





Keflavík - Fylkir

Keflavík og Fylkir leika á Nettóvöllinum mánudaginn 25. maí í 5. umferð Pepsi-deildarinnar.

18. heimaleikur Keflavíkur

Keflavík hefur leikið 17 leiki við Fylki í efstu deild á heimavelli. Keflavík sigraði í níu leikjum, Fylkir í þremur en fimm lauk með jafntefli. Markatalan er 25-18 Keflavík í hag.

Keflavík sigraði 1-0 í fyrsta leik félagnna í Keflavík árið 1989. Jóhann B. Magnússon skoraði markið.

34 leikir í efstu deild

Leikurinn á mánudag verður 35. viðureign Keflavíkur og Fylkis í efstu deild. Bæði lið sigruðu í 12 leikjum en 10 leikjum lauk með jafntefli. Markatalan er 51-42 Fylki í hag.

Síðustu tíu heimaleikir Keflavíkur gegn Fylki

2005 Keflavík - Fylkir 2-2 (2-1)

1-0 Gunnar Þór Pétursson (sm 7.), 1-1 Hrafnkell Helgi Helgason (29.), 2-1 Stefán Örn Arnarson (44.), 2-2 Christian Christiansen (63.)

2006 Keflavík - Fylkir 1-1 (1-1)

0-1 Ragnar Sigurðsson (22.), 1-1 Kenneth Ingemar Gustafsson (35.)

* Ómar Jóhannsson (Keflavík) varði vítaspyrnu Sævars Þór Gíslasonar á 88. mínútu.

* Fyrsta mark Ragnars Sigurðssonar (nú hjá FK Krasnodar, Rússlandi) í efstu deild.



2007 Keflavík - Fylkir 1-0 (0-0)

1-0 Símun Eiler Samuelsen (61.)

* 150. leikur Guðmundar Steinarrsonar í efstu deild.

2008 Keflavík - Fylkir 2-1 (1-0)

1-0 Hólmar Örn Rúnarsson (19.), 2-0 Guðmundur Steinarrsson (48.), 2-1 Andrés Már Jóhannesson (88.)

* Hólmar Örn Rúnarsson skoraði beint úr hornspyrnu.

2009 Keflavík - Fylkir 1-0 (1-0)

1-0 Hólmar Örn Rúnarsson (57.)

* Guðmundur Steinarrsson lék með Keflvíkingum að nýju en hann lék með FC Vaduz frá Liechtenstein efstu deildinni í Sviss um veturinn.

2010 Keflavík - Fylkir 2-1 (1-0)

1-0 Guðmundur Steinarrsson (vsp 21.), 1-1 Kjartan Ágúst Breiðdal (49.), 2-1 Magnús Sverrir Þorsteinsson (55.)

* Leikinn á Njarðtaksvellinum, heimavelli Njarðvíkur. Sumarið 2010 léku Keflvíkingar fyrstu fjóra heimaleikina þar meðan beðið var eftir að endurbótum á Keflavíkurvelli lyki.

2011 Keflavík - Fylkir 1-2 (1-2)

0-1 Albert Brynjar Ingason (21.), 1-1 Guðmundur Steinarrsson (vsp 36.), 1-2 Ingimundur Niels Óskarsson (vsp 45.)

2012 Keflavík - Fylkir 0-2 (0-0)

0-1 Jóhann Þórhallsson (76.), 0-2 Ingimundur Niels Óskarsson (88.)

2013 Keflavík - Fylkir 2-2 (1-0)

1-0 Arnór Ingvi Traustason (13.), 1-1 Tryggvi Guðmundsson (59.), 2-1 Hörður Sveinsson (77.), 2-2 Ásgeir Eypórsson (83.)

* Markverðir beggia liða vörðu víti. David Precce (Keflavík) varði spyrnu Viðars Arnar Kjartanssonar á 43. mínútu og Bjarni Þórður Halldórsson (Fylki) varði spyrnu Jóhanns Birnis Guðmundssonar á 53. mínútu.

* Andri Fannar Freysson (Keflavík) var rekinn af velli á 41. mínútu fyrir brotið sem Fylki vítaspyrnuna.

* Tryggvi Guðmundsson skoraði fyrir fjórða félagið í efstu deild. Hann hafði áður skorað fyrir ÍBV (75), KR (3) og FH (51).

2014 Keflavík - Fylkir 0-1 (0-1)

0-1 Andrew Sousa (39.)



nettó



TOYOTA



ÍCELANDIC GLACIAL



Við styðjum Keflavík í baráttunni í Pepsi deildinni í sumar



Fasteignasala & Leigumiðlun

Áfangar ehf.

► hreinlætisvörur

Sími: 421 1900 - www.afangar.is

HSS Fiskverkun



VERSLUNARFÉLAGIÐ



Fiskverkunin Háteigur ehf





Keflavík, íþróttasamband og ungmennafélag

Knattspyrnudeild Keflavíkur hefur undanfarin ár veitt þeim sem hafa starfað fyrir deildina og leikið fyrir félagið heiðursmerki deildarinnar. Í reglum um heiðursmerkin kemur fram að þeir sem hafa leikið 100 leiki fyrir meistaraflokk á Íslandsmóti skuli fá silfurmerki Knattspyrnudeildar. Í vetur fengu leikmenn liðsins sem hafa náð þessum áfanga silfurmerki og fyrir síðasta heimaleik bættist hópur fyrrverandi leikmanna í hópinn. Merkin voru afhent í félagsheimilinu þar sem stuðningsmenn hittast fyrir heimaleiki en það var Þorsteinn Magnússon, formaður Knattspyrnudeildar, sem afhenti silfurmerkin. Alls fengu fjórtán kappar viðurkenningu að þessu sinni en það voru Einar

Ásbjörn Ólafsson, Georg Birgisson, Gunnar Oddsson, Ingvar Á. Guðmundsson, Jóhann B. Magnússon, Karl Finnbogason, Kjartan Einarsson, Kristinn Guðbrandsson, Óskar Færseth, Ragnar Steinarsson, Rúnar Georgsson, Sigurjón Sveinsson, Zoran Daníel Ljubicic og Þorsteinn Bjarnason. Þess má geta að þeir Þórarinn Kristjánsson og Marko Tanasic hafa einnig náð 100 leikja áfanganum en þeir eru báðir búsettir í Noregi og gátu því ekki mætt að þessu sinni en fá sín merki afhent síðar.

Við óskum þessum ágætu mönnum til hamingju með viðurkenninguna og þökkum þeim fyrir samveruna við þessa skemmtilegu athöfn.





Keflavík, íþróttá- og ungmennafélag

Stofnað 1929

Íslandsmeistarar (4): 1964, 1969, 1971, 1973.

Sigurvegarar í næst efstu deild (4): 1957, 1962, 1981, 2003.

Bikarmeistarar (4): 1975, 1997, 2004, 2006.

Besti árangur í Lengjubikarnum: Úrslitaleikir 2003 og 2006.

Meistarar meistaranna (6): 1970, 1972, 1973, 1975, 1976, 1998.

Pátttaka í Evrópukeppnum:

Meistaralið (4): 1965, 1970, 1972, 1974.

Bikarhafar (2): 1976, 1998.

UEFA-bikar/deild (8): 1971, 1973, 1975, 1979, 2005, 2007, 2009.

Inter-TOTO bikarinn (3): 1995, 1996, 2006.



Umf.	Leikdd.	Leikur	Úrslit	Nr. Leikmaður	Leik	Mörk	Mín.	Gul	Rauð	Byrj	Inn	Út	
1	3.mái	Víkingur Rvík	1-3	8	Bojan Stefan Ljubicic	3	-	194	-	-	2	1	1
2	11.mái	FH	0-2	24	Daníel Gylfason	1	-	24	-	-	-	1	-
3	17.mái	Breiðablik	1-1	6	Einar Orri Einarsson	2	-	180	2	-	2	-	-
4	20.mái	Fjölnir	0-1	25	Frans Elvarsson	4	-	360	1	-	4	-	-
5	26.mái	Fylkir		20	Guðjón Árni Antoníusson	4	-	360	-	-	4	-	-
6	31.mái	KR		4	Haraldur Freyr Guðmundsson	4	-	360	1	-	4	-	-
7	7.jún	ÍBV		17	Hólmur Örn Rúnarsson	3	-	196	1	-	2	1	-
8	14.jún	Valur		10	Hörður Sveinsson	4	1	322	-	-	4	-	3
9	21.jún	ÍA		22	Indriði Áki Þorláksson	3	-	222	-	-	3	-	3
10	29.jún	Stjarnan		5	Insa Bohigues Fransisco	3	-	263	-	1	3	-	-
11	13.júl	Leiknir Rvík		7	Jóhann Birnir Guðmundsson	3	-	35	-	-	-	3	-
12	20.júl	Víkingur Rvík		19	Leonard Sigurðsson	1	-	11	-	-	-	1	-
13	26.júl	FH		11	Magnús Sverrir Þorsteinsson	3	-	85	-	-	1	2	1
14	5.ágú	Breiðablik		3	Magnús Þórir Matthíasson	1	-	90	-	-	1	-	-
15	10.ágú	Fjölnir		16	Páll Olgeir Þorsteinsson	2	-	17	-	-	-	2	-
16	17.ágú	Fylkir		1	Richard Arends	4	-	360	-	-	4	-	-
17	24.ágú	KR		2	Samuel Jimenez Hernandez	3	-	258	-	-	3	-	1
18	30.ágú	ÍBV		9	Sigurbergur Elísson	3	1	254	1	-	3	-	1
19	13.sep	Valur		21	Sindri Kristinn Ólafsson	-	-	-	-	-	-	-	-
20	20.sep	ÍA		23	Sindri Snær Magnússon	3	-	192	2	-	2	1	1
21	26.sep	Stjarnan		13	Unnar Már Unnarsson	2	-	170	1	-	2	-	1
22	3.okt	Leiknir Rvík											

Samantektin er unnin fyrir Knattspyrnudeild Keflavíkur.

Myndir, texti og tölfraði: Ólafur Brynjar Halldórsson.

Prentað af Litróf prentsmiðja

Babylon

Framleitt af Babylon markaðsstofu

Styðjum okkar lið!

